

## Hluthafastefna Lífeyrissjóðs bænda

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun á eignum sjóðfélaga til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig lífeyrisréttindi þeirra að lokinni starfsævi.

Sjóðurinn leggur áherslu á málefni umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna við fjárfestinga-ákvæðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvæðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild.

Hluthafastefna þessi markar stefnu Lífeyrissjóðs bænda í stjórnarháttum sjóðsins sem hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Stefnunni er ætlað að stuðla að faglegum samskiptum við stjórnir félaga sem sjóðurinn á hlut í sem og annarra hluthafa, auka gagnsæi í störfum sjóðsins og trúverðugleika á markaði.

Varðandi stefnu sjóðsins í umhverfis- og félagsmálum vísast til stefnu sjóðsins í ábyrgum fjárfestingum.

### Gildissvið

Hluthafastefna Lífeyrissjóðs bænda á fyrst og fremst við um innlendar skráðar fjárfestingar sjóðsins þar sem hann fer með verulegan eignarhlut eða 2,5% eða hærri beinan eignarhlut í einstöku félagi, þar sem sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags eða þar sem eignarhlutur er 1% eða hærri af heildareignum lífeyrissjóðsins.

### Samkeppni

Sjóðurinn gerir sér grein fyrir að eignarhald á verulegum hlut í félögum á sama markaði kallar á sérstaka aðgæslu af hálfu sjóðsins.

### Hluthafafundir

Sjóðurinn leitast við að sækja hluthafafundi félaga sem hann er hluthafi í samkvæmt gildissviði stefnu þessarar. Almenn styður sjóðurinn tillögur stjórna að því gefnu að þær teljist vera til hagsbóta fyrir umrætt félag og hagsmuni sjóðsins.

Framkvæmdastjóri sjóðsins fer með atkvæði sjóðsins í umboði stjórnar sjóðsins á hluthafafundum félaga en hefur heimild til að framselja umboðið.

### Val og kröfur til stjórnarmanna

Almennt tilnefnir sjóðurinn ekki fulltrúa í stjórnir félaga fyrir aðalfundi þeirra. Í þeim tilfellum sem ekki er sjálfkjörið til stjórnar tekur framkvæmdastjóri saman ákvörðun stjórnar um hvernig sjóðurinn hyggist ráðstafa atkvæðum sínum. Að jafnaði taka stjórnarmenn Lífeyrissjóðs bænda ekki sæti í stjórnnum félaga sem falla undir stefnu þessa í umboði sjóðsins.

Lífeyrissjóður bænda leggur áherslu á að stjórnir félaga starfi í samræmi við góða stjórnarhætti. Það felur meðal annars í sér að stjórnarmenn séu sjálfstæðir í störfum sínum og beri hagsmuni félags sem þeir starfa í umboði fyrir umfram aðra hagsmuni þar með talið sinna eigin.

### Samskipti við stjórnarmenn og stjórnendur

Lífeyrissjóður bænda hlutast ekki til með beinum hætti um stjórnarstörf einstaka stjórnarmanna eftir að þeir hafa hlotið kosningu í stjórn. Komi til þess að sjóðurinn þurfi að eiga samskipti við stjórn eða stjórnendur þar sem sjóðurinn er hluthafi og í samræmi við gildissvið hluthafastefnu þessarar, skal þess gætt að samskipti séu í samræmi við verklagsreglur viðkomandi félags, ákvæði samkeppnislaga og reglur um innherjaupplýsingar.

### Starfskjarastefnur og kjör stjórnarmanna

Sjóðurinn gerir kröfu um að gætt sé hófs við gerð starfskjarastefnu og ákvörðun kjara stjórnarmanna félaga sem falla undir hluthafastefnuna. Gæta þarf þess að allar ákvæðanir séu í samræmi við hlutafélagalög, taki mið af stærð félagsins, umfangi og þess markaðar sem það starfar á. Þá sé þess gætt að árangurstengdar greiðslur og valréttir stjórnenda og stafsfólks séu skýrt afmarkaðir og fari saman við langtímahagsmuni félagsins.

Reykjavík, 18. apríl 2018  
Stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Skúli Bjarnason  
formaður

Guðrún Lárusdóttir

Sara Lind Guðbergsdóttir

Vigdís Sveinbjörnsdóttir

Örn Bergsson

